

Kirkja fyrir Zulma

Ef til vill vildi Guð að Zulma vissi meira.

Lucy Stevenson

Kirkjutímaritin
(Byggt á sannri sögu)

„Leitið og þér munuð finna“
(3. Nefi 14:7).

Zulma sat á einum kirkju-
bekknum og slétti úr skyrtu
skólábúnings síns. Litað ljós skein
í gegnum steint gluggaglerið og
kross stóð fremst í kapellunni.

Zulma var í kirkjuskóla, svo
hún fór tvisvar á dag með
hinum nemendunum til
guðsþjónustu. Zulma kunni
vel við kirkjuna sína. Hún elskaði

Jesú og að læra um hann.

Hún sat hljóð þegar presturinn hóf mál sitt. Í dag var
eitthvað þó öðruvísi. Skyndilega vöknudu þessi orð í huga
hennar og hjarta: *Það er meiri sannleikur þarna úti.*

Zulma skældi agunbrúnirnar. Meiri sannleikur?
Hvað þýðir það?

Hugsunin vaknaði aftur. *Það er meiri sannleikur.*

Zulma lokaði augunum og einbeitti sér að þessari
upplifun sinni. Hún hafði lært margt gott í kirkju.
Hún velti nú fyrir sér hvort eitthvað vantaði. Ef til
vill vildi Guð að hún vissi meira. Hvernig átti hún
að komast að því?

Hún ræddi síðar við Alberto, eldri bróður
sinn, um þessar hugsanir.

„Heldurðu að það sé meiri sannleikur
þarna úti?“ spurði Alberto.

Zulma kinkaði kalli. „Ég vil læra um fleiri
kirkjur,“ sagði hún.

„Allt í lagi,“ sagði Alberto. „Ég skal fara
með þér!“

Á nokkurra ára tímabili heimsóttu Zulma
og Alberto hinar ýmsu kirkjur. Að lokinni
einni guðsþjónustu, sagði Alberto: „Þessi
kirkja kennir góða hluti.“

Zulma var sammála, en þeim fannst samt
eins og eitthvað vantaði, svo þau héldu leit
sinni áfram.



Hér er Zulma sem lítil stúlka. Hægra megin er
mynd af henni í dag með eiginmanni sínum,
öldungi Walter F. González, af hinum Sjötíu.

Dag einn kom Alberto hlaupandi upp tröppurnar að
húsi þeirra. „Ég fann kirkjuna sem við leitum að!“ sagði
Alberto. Hann faðmaði Zulma þétt að sér.

Zulma rak upp stór augu. „Hvar? Hvernig?“

„Einn vinur minn hitti trúboða frá Kirkju Jesú Krists
hinna Síðari daga heilögu,“ sagði Alberto. „Ég hlustaði á
þá og trúði því sem þeir kenndu!“

Zulma og Alberto voru svo glöð að þau dönsuðu um
allt húsið. Zulma fékk þá slæmar fréttir. Mamma vildi
ekki að hún hitti trúboðana. „Þú ert bara 12 ára,“ sagði
mamma. „Þú ert of ung.“

Alberto er eldri og því var honum leyft að hitta trú-
boðana áfram. Nokkrum vikum síðar lét hann skírast.

Zulma hélt stöðugt áfram að biðja mömmu sína um
að leyfa sér að læra hjá trúboðunum. Mamma hennar lét
loks undan.

Þegar trúboðarnir kenndu Zulma fann hún hlýjar
tilfinningar í hjarta sínu. Annar trúboðinn átti í erfiðleik-
um með að tala spænsku, en það skipti engu. Það
sem skipti máli var hvernig Zulma leið. Þegar hún
lærði um Joseph Smith og Mormónsbók, varð henni
ljóst að hún hafði fundið sannleikann sem hún
leitaði að!

Zulma vildi skírast. Hvað myndi
mamma segja? Zulma var svo glöð
þegar mamma sagði já! Á skírnardag
Zulma, var hún klædd í hvítu. Hún
vissi að Guð elskaði hana. Hún vissi

að hann þekkti hana. Hún vissi líka að hann hafði hjál-
að henni að finna hina endurreistu kirkju! ●



MYNDSKRETTING EFTIR SCOTT WAKEFIELD